

sem þrá ei ljós og andans auð,
en yfirráð og stærra brauð.

Á orð hans hlýddu hrifnir menn
um hugsjón er þeir skildu ei enn,
því hugi fangar háleit sál,
þó hljómi rödd sem duliðsmál.

En alt sem sjálfs hans sál var ljóst
að sæju aðrir, við hann bjóst.
Hvern sannleik þér sem auðsær er
að allir sjá ei gleymist þér.

Hve áhrifalaust orð hans lág,
í anda fólks hann glöggvast sá,
er gagnstætt hverri hugsun hans
hann hylla vildi konung lands.

Því fólk vort enn ei eftir tók,
að ekki er hugsjón Lærdómsbók,
því flestir hugsa hún helzt sé send
í Hugvekjum sé lærð og kend.

En hún er sjálfs þín sálarrök,
með sama eðli og hugartök
og hins, er stóð við hennar dyr,
þó hundrað öldum lifði fyr.

Að fá ei mýkt alt bræðra böll,
það beiskust var hans dauðakvöl,
af slíkri ást og andans þrá,
hve afdrifin þau sýndust smá.

„Minn guð, því yfirgafstu mig?“
frá gróf hans hljóma kringum þig
er sérðu heift og hjátrú lands
sig hópa undir nafnið hans.